

Colas hf.  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. júní 2021  
UST202102-306/F.T.  
08.06.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 21. apríl 2021 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram komu í eftirliti þann 19. mars 2021.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Nýr 3.700m<sup>3</sup> geymir hefur verið tekinn til notkunar í stöðinni. Rekstraraðili fékk undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Starfsleyfið hefur enn ekki verið gefið út og því er reksturs nýja geymisins án starfsleyfis. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf út nýja undanþágu vegna ákvæðis um umfang starfsemi í gildandi starfsleyfi þann 25. maí 2021. Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi, sem er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun, verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. janúar 2022.**

**Umhverfisstofnun fellst á framangreindar úrbætur og mun ekki fara í frekari eftirfylgni með frávikinu að sinni, þ.e. á meðan að undanþágan er í gildi.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur